

**Æskulýðsskýrsla  
Hestamannafélagsins Neista  
á Blönduósi**

**Veturinn 2022 - 2023**



<b>Félagið og æskulýðsnefndin</b>	<b>2</b>
<b>Vetrarstarfið</b>	<b>2</b>
Pollar	3
Almennt reiðnámskeið fyrir börn	3
Knapamerki	3
Almennt reiðnámskeið fyrir fullorðna	3
Námskeið fyrir lengra komna	3
<b>Afmælissýning</b>	<b>5</b>
<b>Æskan og hesturinn</b>	<b>7</b>
<b>Reiðtúr og námskeiðslok</b>	<b>8</b>
<b>Félagshesthús</b>	<b>9</b>
<b>Sumarnámskeið</b>	<b>11</b>
<b>Mót</b>	<b>12</b>
<b>Lokaorð</b>	<b>13</b>

## Félagið og æskulýðsnefndin

Hestamannafélagið Neisti er lítið félag í Austur-Húnavatnssýslu með um 220 félagsmenn. Félagið var stofnað 22. ágúst 1943 og varð því 80 ára á starfsárinu. Eins og annarsstaðar eru hæðir og lægðir í félagsstarfinu og um tíma var félagið lítið virkt. Eftir landsþing LH haustið 2022 tók stjórnin sig saman og fór af stað í að efla starfsemi félagsins. Á þinginu var lögð áhersla á nýliðun í greininni og var það rauði þráðurinn í vinnu stjórnarinnar. Við lögðumst í nokkra hugmyndavinnu til að efla starf félagsins og laða að nýja þátttakendur og erum mjög ánægð með hvernig til tókst.

Hlutverk æskulýðsnefndar Neista er að fræða og efla unga knapa. Nefndin sér um að undirbúa og halda utan um æskulýðsstarfið sem byrjar í upphafi árs. Nefndin sér um að ráða kennara, skipuleggja námskeiðsdaga, skemmtilegar uppákomur með þátttakendum yfir veturinn og aðra fræðslu. Þá bauð nefndin jafnframt upp á reiðnámskeið fyrir fullorðna.

## Vetrarstarfið

Æskulýðsnefndin stóð fyrir fjölbreyttum námskeiðum með það fyrir augum að höfða til fjölbreytts hóps þátttakenda. Í boði voru námskeið fyrir alla aldurshópa og jafnt fyrir vana sem óvana. Öll námskeiðin voru vel sótt, en í heildina voru 48 þátttakendur á námskeiðunum hjá okkur sem er mikil aukning frá síðustu árum. Starfið hófst laugardaginn 21. janúar með opnu húsi þar sem haldin var reiðfatamarkað, skipulagsfund með æskulýðsnefndinni og þeir þátttakendur sem voru með lánshesta fengu að fara á bak og kynnst hestunum aðeins. Kennsla hófst svo 28 og 29. janúar. Kennarar á námskeiðunum voru Lilja Maria Suska, Naemi Kestermann og Christina Niewert.



## Pollar

Námskeiðið var ætlað fyrir yngri nemendur sem flestir voru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku. Áherslan á námskeiðinu var að efla jafnvægi knapa á hestbaki og grunnstjórnun hestsins í gegnum leiki og þrautir. Foreldrar/forráðamenn voru til takst og teymdu undir þeim knöpum sem ekki voru tilbúnir til að stýra hestinum sjálfir.

Námskeiðið var kennt 3x í mánuði

## Almennt reiðnámskeið fyrir börn

Námskeiðið var fyrir börn þar sem áhersla var lögð á ásetu, stjórnun hestsins og að auka sjálfstæði knapa í umgengni við hestinn. Jafnframt var lögð áhersla á að knapar öðluðust traust og gott samband við hestinn sinn, þeim kennt að greina mun á gangtegundum. Námskeiðinu var skipt í hópa eftir getu og aldri.

Námskeiðið var kennt 1x í viku.

## Knapamerki

Boðið var upp á Knapamerki 1 og 2 þar sem farið er eftir þeim áherslum og markmiðum sem eru í námsefninu fyrir knapamerki. Boðið var upp á að nýta þetta námskeið sem valgrein í grunnskólanum en jafnframt fæst námskeiðið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Þátttakendur þreyttu lokapróf í maí og gaman er að segja frá því að allir þátttakendurnir okkar náðu sínum prófum.

## Almennt reiðnámskeið fyrir fullorðna

Námskeið fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í hestamennsku eða þá sem hafa misst kjarkinn og vilja byrja aftur. Þátttakendur lærðu að greina mun á gangtegundum og lögð var áhersla á ásetu, stjórnun hestsins, aukið sjálfstæði í umgengni við hestinn og að knapar öðluðust traust og gott samband við hestinn sinn. Námskeiðinu var skipt í hópa eftir getu.

Námskeiðið var kennt 1x í viku

## Námskeið fyrir lengra komna

Námskeið fyrir bæði unglinga og fullorðna. Almennt reiðnámskeið þar sem áhersla var lögð á að bæta hestinn og samspil knapa og hests, þjálfar gangtegundir og undirbúningur fyrir keppni fyrir þá sem vilja. Þetta námskeið hentaði líka sem undirbúningur fyrir knapamerki 3. Þátttakendum var skipt í hópa, unglingar og fullorðnir. Námskeiðið var í upphafi kennt 1x í viku en oftast þegar leið á veturinn.



## Afmælissýning

Hestamannafélagið varð 80 ára á árinu. Í tilefni þess var haldin afmælissýning þar sem nemendur á námskeiðunum voru með þrjú virkilega flott atriði. Undirbúningurinn fyrir sýninguna varð því hluti af námskeiðunum. Polla-hópurinn var með atriði sem hét sólin og skýin og voru alls kyns æfingar á hestbaki í takt við lagið sem spilað var undir. Krakkarnir af almenna námskeiðinu voru með leikpátt úr Pétri Pan og unglingarnir voru með munsturreið. Atriðin þeirra voru því mjög fjölbreytt. Á sýninguna fengum við einnig fleiri félagsmenn til að vera með atriði auk þess sem við buðum hestafimleika hóp frá Hestamannafélaginu Þyt á Hvammstanga að vera með atriði hjá okkur. Æskan fékk því að njóta sín til fulls á sýningunni hjá okkur. Sjónvarpsþátturinn Landinn kom á afmælissýninguna okkar og fræddist um starfið sem við vorum með sl. vetur og um félagshesthúsið ásamt því að sýna frá sýningunni.





## Æskan og hesturinn

Sýningin Æskan og hesturinn hefur lengi verið haldin til skiptis á Akureyri og á Sauðárkróki. Í þetta skiptið var hún haldin á Akureyri 1. maí. Þátttakendur okkar á námskeiðunum tóku þátt í sýningunni með atriðunum Pétur Pan og Glimmerdrottningarnar sem eru sömu atriði og þau sýndu á afmælissýningunni okkar enda virkilega flott atriði hjá þeim og að baki þeim lá mikil undirbúningsvinna. Tveir pollar fóru frá okkur á sýninguna og tóku þátt í sameiginlegu atriði fyrir polla. Á sýningunni voru atriði frá Hestamannafélögunum Létti, Hring, Neista og Skagfirðingi.





## Reiðtúr og námskeiðslok

Í lok apríl fór hver námskeiðshópur á námskeiðum vetrarins saman í reiðtúr. Teymt var undir yngstu knöpunum eða labbað með hestinum en eldri knaparnir fóru í reiðtúr. Af andlitum barnanna að dæma þegar þau komu ríðandi til baka í hesthúsahverfið fannst þeim þetta virkilega gaman.

28. apríl var lokahóf fyrir þátttakendur námskeiða þar sem þeir fóru í þrautir og leiki í reiðhöllinni, allir fengu viðurkenningu borðuðu saman grillaðar pylsur.



## Félagshesthús

Á landsþingi LH var mikið rætt um nýliðun í greininni og hvað væri hægt að gera bæði til að fá fullorðna og börn inn í starfið. Umræðan fór bæði fram í litlum hópi við borðið okkar sem og í umræðuhópi með fleiri félögum þegar lagabreytingar voru ræddar. Við í stjórninni tókum þessa umræðu alvarlega og vildum gera allt sem við gátum til að bæta starfið okkar og fá nýja félag inn.

Ákveðið var að fara af stað með félagshesthús sem væri fyrst og fremst ætlað fyrir þátttakendur á námskeiðum. Hugmyndin var að þeir sem ekki hafa aðgang að hesthúsi á Blönduósi en langar til að fara á reiðnámskeið hafi möguleika á því. Þetta vakti mikla lukku og fylltist húsið strax en við vorum með pláss fyrir 18 hesta en yfir 20 börn nýttu sér aðstöðuna í hesthúsinu í vetur.

Við fengum lánaða hesta frá Hauki Suska hjá Íslandshestum/Horses and Tours sem gerði það að verkum að við gátum boðið uppá að fá lánaða hesta og reiðtygi fyrir þá sem þurftu og voru margir sem nýttu sér það. Alls vorum við með 6 hesta, 9 þegar mest var, sem 11 börn og unglingar og 2 fullorðnir nýttu saman. Við gátum samnýtt suma hesta þar sem ekki voru öll námskeiðin kennd sama daginn yfir veturinn.

Til að svona verkefni gangi upp þarf að vera umsjónarmaður með því og var Selma Erludóttir fengin í það verkefni. Hún sá til þess að það yrði gefið, mokað, hleypt út og hestum og húsi sinnt eins og þurfti. Selma sá að mestu leyti um að gera þetta sjálf og fá aðra með sér í verkið þegar á þurfti að hald





## Sumarnámskeið

Æskulýðsnefndin bauð uppá sumarnámskeið eina helgi í sumar sem var mjög vel sótt. Alls voru 14 þátttakendur á námskeiðinu, þar af voru 10 sem voru að koma í fyrsta skipti á námskeið á vegum félagsins. Um var að ræða mjög fjölbreytt og skemmtilegt námskeið þar sem þátttakendur fóru í bóklega og verklega tíma auk þess að fara í leiki og þrautir. Þeim sem höfðu áhuga á að fá keppnisþjálfun stóð það til boða.



## Mót

Haldin voru nokkur mót inni í reiðhöllinni í vetur og voru þátttakendur á námskeiðum hvattir til að taka þátt. Um var að ræða lítil mót sem getur verið gott að byrja keppnisferilinn á. Boðið var uppá mót í fjórgangi, smala, þrígangi, tölti og grímutölti þar sem þátttakendur voru í skemmtilegum búningum. Þátttakan var góð á mótunum og ungmennin voru dugleg að keppa og taka þátt.



## Lokaorð

Nauðsynlegt er að vera með gott og fjölbreytt æskulýðsstarf til að auka og viðhalda áhuga barna á hestamennsku því börnin eru framtíð félagsins. Æskulýðsnefndin og stjórn félagsins voru með það sameiginlega markmið að efla starfið sem tókst vonum frammar að okkar álit.

Við viljum þakka öllum þeim sem komu að starfinu okkar síðastliðinn vetur á einn eða annan hátt fyrir aðstoðina. Það væri ekki hægt að halda úti slíku starfi án allra þeirra sjálfboðaliða sem við höfum.

Fyrir hönd Hestamannafélagsins Neista  
Hafrún Ýr Halldórsdóttir,  
formaður

